

**Ed.**

## **24. Frumvarp til laga**

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1947.

(Lagt fyrir Alþingi á 66. löggjafarþingi, 1946.)

1. gr.

Skemmtanaskatt samkvæmt lögum nr. 56 31. maí 1927 skal árið 1947 heimilt að innheimta af kvikmyndasýningum með 200% álagi og af öðrum skemmtunum með 20% álagi. Þó skulu leiksýningar, hljómléikar og söngskemmtanir innlendra manna undanþegnar álagningu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Frumvarp þetta er samhljóða lögum, er gilda fyrir árið 1946, og hafa sams konar ákvæði verið í lögum um mörg undanfarin ár.